

STARFSREGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu.

1. gr.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Hafnarfjörður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur hafa komið á fót samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags, hér eftir nefnd samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu.

Hver sveitarstjórn hefur kosið tvo fulltrúa í nefndina, Skipulagsstofnun tilnefnir fulltrúa til að starfa með nefndinni og hefur hann full réttindi nefndarmanns önnur en atkvæðisrétt. Varamenn eru ekki kosnir, en við samþykkt tillagna skal þess gætt að a.m.k. einn fulltrúi hvers sveitarfélags hafi tækifæri til að greiða atkvæði.

2. gr.

Samvinnunefndin kys sér þrjá menn til formennsku. Skulu þeir hver um sig gegna starfi formanns hálf t.ár í senn í þeirri röð, sem nefndin ákveður. Varamaður formanns er sá, sem næstur verður formaður. Ritari samvinnunefndar er kosinn sérstaklega. Til að annast starf milli funda og undirbúa fundi framkvæmdanefndar starfar 6 manna framkvæmdanefnd. Formaður samvinnunefndar og báðir varaformenn eiga sæti í framkvæmdanefndinni, svo og ritari samvinnunefndar og tveir menn að auki sem samvinnunefnd kys úr sínum hópi. Starfandi formaður samvinnunefndar er jafnframt formaður framkvæmdanefndar.

3. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er að vinna að svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið allt innan marka þeirra sveitarfélaga sem nefnd eru í 1. gr., og í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, samanber sérstaklega 12. gr. laganna og gr. 4.1.2. í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Megináhersla er lögð á landnotkun, samgöngur, þróun byggðar og umhverfismál og að mörkuð verði samræmd stefna í þessum málaflokkum.

4. gr.

Samvinnunefndin mun kynna framgang vinnunnar reglulega fyrir fundi forsvarsmanna sveitarfélaganna og formönnum skipulagsnefnda og kynna fyrir þeim stefnumótandi tillögur, en þær verða síðan bornar upp í hverju sveitarfélagi fyrir sig þegar þurfa þykir.

Þá mun samvinnunefndin kynna vinnu sína fyrir skipulagsnefndum og almennungi eftir því sem þörf krefur.

Að öðru leyti fer um kynningu, auglýsingu, samþykkt og staðfestingu svæðisskipulagstillögu eftir 13. gr. laganna.

5. gr.

Fundi í samvinnunefnd skal halda eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Formaður boðar til funda með a.m.k. 3 daga fyrirvara.

Fundur er lögmætur ef formaður eða varaformaður ásamt 7 öðrum nefndarmönnum eru viðstaddir. Leitast skal við að ná samkomulagi um sem flestar ákvarðanir og afgreiðslur samvinnunefndarinnar, takist það ekki ræður afl atkvæða. Skv. 13. gr. skipulagslaga telst svæðisskipulag samþykkt þegar og að svo miklu leyti sem allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt það. Samvinnunefndin sendir samþykkt tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir síðan tillögur til ráðherra um lokaafgreiðslu svæðisskipulagsins.

Samvinnunefndin skal halda gerðabók og skulu fundargerðir jafnan lagðar fram á næsta fundi. Jafnframt skulu þær sendar hlutaðeigandi sveitarstjórnnum.

6. gr.

Gert er ráð fyrir að ráða ráðgjafa til að vinna verulegan hluta vinnunnar. Þá er gert ráð fyrir að vinnuframlag stofnana s.s. vegna gagnaöflunar og samræmingarvinnu verði ekki reikningsfært heldur beri hvert sveitarfélag kostnað vegna þess. Allur annar kostnaður greiðist úr sameiginlegum sjóði, þ.e. aðkeypt vinna ráðgjafa, aðkeypt þjónusta og gagnaöflun, laun nefndarmanna og kostnaður vegna ljósrita, prentunar og kynningar. Sameiginlegur kostnaður greiðist að hálfu af Skipulagsstofnun samkvæmt sérstökum samningi þar um. Að öðru leyti skiptist kostnaður hvers árs milli sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember ársins á undan.

Samvinnunefndin mun gera þjónustusamning við eitt sveitarfélaganna um að annast bókhald og fjármál nefndarinnar.

7. gr.

Stefnt er að því að vinnu við svæðisskipulagstillögu verði lokið 1. maí árið 2000 og að það taki gildi á því ári. Ráðherra staðfestir svæðisskipulag og skal það auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Starfsreglur þessar sem unnar eru af samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgar-svæðisins staðfestast hér með samkvæmt 3. mgr. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Umhverfissráðuneytinu, 28. júlí 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um tegundir sem undanþegnar eru viðskiptum á Kvótaþingi.

1. gr.

Heimilt er að flytja aflamark af hörpudiski og innfjarðarrækju milli skipa án undan-
genginna viðskipta á Kvótaþingi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt tillögu stjórnar Kvótaþings með stoð í 3. tl. 1. gr. laga nr. 11/1998 um Kvótaþing. Reglugerðin öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 1998.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. júlí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.